



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/1434*  
*komudagur 18.3.2004*

Umhverfisnefnd  
Alþingi  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 17. mars 2004  
SP/hó

**Efni: Frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 594. mál**

*Tilv: 2004030005*

Við er í bréf umhverfisnefndar Alþingis dags. 2. mars sl. þar sem leitað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Búnaðarþing 2004 fjallaði um málið og ályktaði eftirfarandi:


“Búnaðarþing 2004 hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, með síðari breytingum.

Þingið telur að með breyttum lögum sé verið að auka friðun búsvæða villtra dýra talsvert. Þar með er þrengt að annarri landnýtingu, bótafalaust og án samráðs við umráðamenn viðkomandi landsvæða. Snertir þessi aukna friðun einkum nýtingu hlunninda, svo sem æðarvarps, ferðaþjónustu og ýmsa aðra atvinnustarfsemi sem fram getur farið á lögbýlum. Fagnað er því ákvæði frumvarpsins að minkur verði nú skilgreindur sem meindýr. Mælt er til þeirrar breytingar á nügildandi lögum að Hreindýraráði verði á ný fengin aukin völd og verkefni, einkum hvað varðar sölu og verðlagningu veiðileyfa.

Til nánari skýringa á fyrrgreindum athugasemdum er vísað til ítarlegrar umsagnar Æðarræktarfélags Íslands um lagafrumvarpið”.

Ályktuninni er hér með komið á framfæri sem umsögn samtakanna.

Virðingarfyllt,  
f.h. Bændasamtaka Íslands

  
Sigurður Þorgeirsson